



## Úthlutunarreglur íþróttastyrkja

Íþróttastyrkjum er skipt í fjóra flokka og hlutfallsleg skipting þeirra er sem hér segir:

1 Meginfélög	55%
2 Önnur félög	20%
3 Samvinnuverkefni	15%
4 Sérverkefni	10%

Auk þess eru ákveðinni upphæð varið árlega í afreksmannasjóð og til uppbyggingasamninga sem bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur gert við félagasamtök.

Nánari lýsing á flokkunum.

1. Meginfélögin í Fjarðabyggð eru 5, Próttur, Austri, Valur, Leiknir og Súlan. Þessi íþróttafélög eiga langa og farsæla sögu hvert í sínum byggðarkjarna og bjóða upp á fleiri en eina íþróttagrein fyrir börn og unglinga á aldrinum 0-18 ára auk þess að sinna félags- og forvarnarstarfi. Styrknum er þannig skipt milli félaga að fyrst er 10% upphæðarinnar deilt jafnt á félögin og síðan er afgangi deilt út í réttu hlutfalli við nemendafjöld í grunnskóla hvers byggðarkjarna 1. janúar ár hvert. Styrk til meginfélaga er úthlutað í febrúar.
2. Önnur félög eru þau íþróttafélög í Fjarðabyggð sem ekki teljast til meginfélaga. Þessi félög sækja um styrk til Fjarðabyggðar fyrir 1. febrúar ár hvert. Við úthlutun er tekið tillit til þriggja þátta. A) iðkendafjölda 30% B) menntunarstigs þjálfara félaganna og námskrár þeirra 30% og C) umfangs starfsemi (rekstur eigin íþróttasvæða, ferðakostnað o.fl.) 40%
3. Samvinnuverkefni stuðla að samvinnu milli íþróttafélaga í Fjarðabyggð eða sameiningu þeirra. Í verkefnum er unnið þvert á byggðarkjarna. Sótt er um styrk til samvinnuverkefna fyrir 1. febrúar ár hvert. Við úthlutun er litið til sömu þriggja þátta og greint er frá í tölulið 2.
4. Sérverkefni eru ýmiss konar íþróttaverkefni s.s. landsliðsverkefni. Hægt er að sækja um styrk til sérverkefna hvenær sem er ársins.

Menningar-, íþrótt- og ferðamálanefnd Fjarðabyggðar úthlutar ofangreindum styrkjum. Nefndin setur kvaðir um skil á ársreikningum og ársskýrslum frá meginfélögum og áskilur sér rétt til að leita upplýsinga frá öðrum félögum um starfsemi félaganna og reikninga þeirra.

Samþykkt af bæjarstjórn 5. nóvember 2009